# Róslín Erla Tómasdóttir



Fædd 29. desember 1938

Dáin 9. mars 2022

Útför frá Glerárkirkju mánudaginn 21. mars kl. 13:00

Jarðsett verður í kirkjugarðinum á Naustahöfða

## *Forspil*

I have a dream

*Benny Anderson - Björn Ulveus*

## *Signing og bæn*

### Drottinn er minn hirðir

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því þú ert hjá mér.
Sproti þinn og stafur huggar mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.

*Margrét Scheving - Davíðssálmur 23.*



# *Ritningarlestur*

## Þannig týnist tíminn

Líkt og ástarljóð sem enginn fékk að njóta,
eins og gulnað blað sem geymir óræð orð,
eins og gömul hefð sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og sumarást sem aldrei náði að blómstra,
líkt og tregatár sem geymir falleg bros,
þarna er gömul mynd sem sýnir glaðar stundir,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.
Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og mynd sem bjó í vonarlandi þínu,
eins og æskuþrá sem lifnar við og við,
býr þar sektarkennd sem að ennþá nær að særa,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.
Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og ástarljóð sem enginn fær að njóta
endar sem gulnað blað er geymir óræð orð,
eins og gamalt heit sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

*Bjartmar Guðlaugsson.*

# *Guðspjall*

## Blátt lítið blóm eitt er

Blátt lítið blóm eitt er
ber nafnið gleymd´ ei mér.
Væri ég fleygur fugl
flygi ég til þín.
Svo mína sálu nú,
sigraða hefur þú,
engu ég unna má
öðru en þér.

*F. Kücken - þýsk þjóðvísa*

# *Minningarorð*



## Móðir mín kær

Móðir mín kær, ég þakka vil þér,
uppeldishlutverk þitt yfir mér.
Allt sem ég hef lært, kenndir þú mér
móðir, já móðir mín kær

Móðir mín kær, er ég var ung,
sýndir þú mér hvað eitt bros getur gert.
Án kærleika þíns, hvar væri ég
móðir, ó, móðir mín kær

Mamma þú veittir mér hamingju
meiri en orð fá tjáð.
Ég bið til Drottins að hann blessi þig
sérhvern dag og hverja nótt

Móðir mín kær, nú eldri ég er
og get nokkurn veginn séð fyrir mér.
Þér vil ég gefa, það sem þú gafst mér
móðir, ó, móðir mín kær

*Bill Parkinson - Heiða B. Sævarsdóttir*



# *Bæn og Faðir vor*

## Í bljúgri bæn

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð, leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

*Amerískt þjóðlag - Pétur Þórarinsson.*



# Moldun

## Það þarf fólk eins og þig

Það þarf  fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig
frá Bláa lóns böðum
að nyrstu sjávarströnd.

Frá vel þekktum stöðum
út í ókönnuð lönd
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig.

Ef dimmir í lífi mínu um hríð
eru bros þín og hlýja svo blíð.
Og hvert sem þú ferð
og hvar sem ég verð
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig.

Það þarf  fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig
frá hlíðum Akureyrar
inn í grænan Herjólfsdal.

Frá Hallormstaðarskógi
inn í fagran Skorradal
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig.

Ef dimmir í lífi mínu um hríð
eru bros þín og hlýja svo blíð.
Og hvert sem þú ferð
og hvar sem ég verð
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig.

Ef dimmir í lífi mínu um hríð
eru bros þín og hlýja svo blíð.
Og hvert sem þú ferð
og hvar sem ég verð
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig.

*Buck Owens - Rúnar Júlíusson*

# Blessun



## *Eftirspil*

Time to say goodbye

*Francesco Sarton - Lucio Quarantotti - Frank Peterson.*




Prestur: Séra Sindri Geir Óskarsson
Organisti: Valmar Väljaots
Söngur: Ívar Helgason

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug.*
*Að lokinni athöfn er viðstöddum boðið að þiggja veitingar*
*í Safnaðarheimili Glerárkirkju.*

Útfararþjónustan

Prentmet Oddi Akureyri